

afplánist með 15 daga varðhaldi, sé sektin eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa. Þá ber og að dæma ákærða til að greiða Niðurjöfnunarnefnd Sauðárkróks kr. 800.00 til þess að standast kostnað við birtingu dóms þessa í opinberu blaði eða riti. Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls kostnaðar sakarinnar og skipuðum verjanda sínum kr. 1000.00 í málsvarnarlaun.

Dómsorð:

Ákærði, Konráð Þorsteinsson kaupmaður, Sauðárkróki, greiði 3000.00 króna sekt, er renni í ríkissjóð, og komi 15 daga varðhald í stað sektarinnar, sé hún eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa. Hin kærðu ummæli skulu vera ómerk. Þá greiði ákærði Niðurjöfnunarnefnd Sauðárkróks kr. 800.00 til þess að standast kostnað af birtingu dóms þessa í opinberu blaði eða riti. Svo greiði ákærði og Rögnvaldi Finnbogasyni, bæjarstjóra á Sauðárkróki, kr. 2000.00 í miskabætur. Og loks greiði hann allan kostnað sakarinnar, þar með taldar kr. 1000.00 til skipaðs verjanda síns, Áka Jakobssonar hrl., Reykjavík, í málsvarnarlaun. Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.

Miðvikudaginn 12. desember 1962.

Nr. 137/1962. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn

Einari Hafstein Guðmundssyni

(Haukur Jónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómáttar Hæstaréttar.

Umferðarmál.

Dómur Hæstaréttar.

Skúli Thorarensen, fulltrúi bæjarfógetans í Kópavogi, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Eftir uppkvaðningu héraðsdóms, hafa tvö vitni komið fyrir dóm af nýju og staðfest vætti sitt með eiði. Annað þeirra

er Sverrir Kristinsson, sem endurtók fyrri vitnaskýrslu í öllum meginatriðum. Þá hefur og verið lagt fram bréf frá forstöðumanni Bifreiðaeftirlits ríkisins, þar sem hann svarar þeirri fyrirspurn frá verjanda ákærða, „hvort bifreið, sem lagt hefur verið í halla, geti hreyfzt úr stað, án þess að átt sé við stjórnþæki hennar“. Í bréfi þessu segir: „Standi bifreið í halla og hafi verið sett í lægst ganghraðastig (gír), mótsett við hallann, og handhemill ekki spenntur, er möguleiki á, að bifreið renni lítils háttar (sakki) undan hallanum, sérstaklega ef vél bifreiðarinnar er orðin slitin og óþétt. Þetta fer þó einnig eftir öðru, t. d. því, hve hallinn er mikill, hve marga strokka vélin er og hversu óþétt vélin er“. Bifreið sú, sem um er að tefla, er talin hafa verið af árgerð 1953.

Samkvæmt gögnum málsins ók vitnið Sverrir Kristinsson ákærða í bifreið hans að gatnamótum Litluhlíðar og Reykjanesbrautar. Þar í nokkrum halla stöðvaðist bifreiðin vegna benzinleysis. Sverrir hvarf því næst á brott, en ákærði sat kyrr í bifreiðinni. Að því er virðist skömmu síðar, bar þar að þrjá lögreglumenn, sem í héraðsdómi getur, og hafa þeir borið, þó ekki alveg samhljóða, að þeir hafi séð bifreið ákærða renna örlítið. Tveir lögreglumannanna bera, að þeir hafi þá séð ákærða sitja undir stýri bifreiðarinnar. Í lögregluskýrslu, sem staðfest er af einum lögreglumanna, segir, að ákærði hafi viðurkennt að hafa „startað“ bifreiðinni, og annar ber, að hann hafi séð, að „svisslykli“ bifreiðarinnar hefði verið snúið í samband. Ákærði hefur hins vegar eindregið neitað því, að hafa reynt að setja bifreiðina í gang. Hann hafi aðeins snúið lykilrofa öfugt, til þess að hlusta á útvarp bifreiðarinnar.

Pegar lítið er til þess, sem nú hefur verið rakið, svo og framangreindrar álitsgerðar forstöðumanns Bifreiðaeftirlits ríkisins, þykja ekki í refsímáli gegn neitun ákærða fram komnar nægar sannanir fyrir því, að ákærði hafi í nefnt skipti reynt að aka eða ekið bifreið í skilningi umferðarlaga. Ber því að sýkna ákærða af kröfum ákæruvalds í málinu.

Allur kostnaður af sökinni í héraði og fyrir Hæstarétti

greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun verjanda ákærða í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 5.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Einar Hafsteinn Guðmundsson, á að vera sýkn af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Allur sakarkostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun verjanda ákærða í héraði og fyrir Hæstarétti, Hauks Jónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 5.000.00.

Dómur sakadóms Kópavogs 7. ágúst 1962.

Mál þetta, sem dómtekið var 12. apríl s.l., höfðar saksóknari ríkisins af ákæruvaldsins hálfu með ákæru, dagsettri 5. marz s.l., gegn Einari Hafstein Guðmundssyni prentara, Hlíðarvegi 46, Kópavogi, fæddum 14. september 1932 í Reykjavík, fyrir að hafa árla morguns laugardag 23. desember 1961 undir áhrifum áfengis ekið eða reynt að aka bifreið R 9948 nokkurn spöl á Litluhlíð við Reykjanesbraut í Reykjavík.

Telst þetta varða við 2. sbr. 3. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og 1. mgr. 24. gr. sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar skv. 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði, Einar Hafsteinn Guðmundsson, er fæddur 14. september 1932 í Reykjavík og hefur sætt kærnum og refsingum, sem hér segir:

- | | | |
|------|------|--|
| 1951 | 19/8 | Rvík. Sátt: 100 kr. sekt fyrir brot á 18. gr. áfengislaga. |
| 1953 | 9/12 | Rvík. Sátt: 75 kr. sekt fyrir brot á 17. gr. áfengislaga. |
| 1956 | 29/3 | Rvík. Sátt: 100 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga. |
| 1958 | 22/5 | Rvík. Sátt: 150 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga. |
| 1959 | 28/2 | Rvík. Sátt: 200 kr. sekt fyrir ölvun. |
| — | 29/3 | Rvík. Sátt: 200 kr. sekt fyrir ölvun. |
| 1960 | 30/3 | Kópav. Sátt: 100 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðarstæði. |
| — | 27/6 | Kópav. Dómur: 1400 kr. sekt, sviptur ökuleyfi í 6 mánuði fyrir brot á áfengislögum og umferðarlögum. |
| 1961 | 17/3 | Kópav. Dómur: Varðhald í 20 daga fyrir brot á 27. og 48. gr. umferðarlaga. |

— 24/7 Kópav. Sátt: 150 kr. sekt fyrir umferðarlagabrot.

— 20/10 Kópav. Sátt: 100 kr. sekt fyrir umferðarlagabrot.

Málavextir eru þeir, að laugardagsnótt 23. desember 1961, kl. 05.55, komu lögregluþjónar í Reykjavík, nr. 65, 102 og 135, að bifreið R 9948, þar sem hún stóð í brekku Litluhlíðar í Reykjavík. Bifreið R 9948 stóð skökk á veginum, og sáu lögregluþjónar, að hún rann örstuttan spöl aftur á bak undan brekku og að steinum, sem afmarka veginn á þessum stað til hliðar. Eigandi bifreiðarinnar, Einar Hafsteinn Guðmundsson, ákærði í máli þessu, sat þá undir stýri bifreiðarinnar, var hann áberandi ölvaður og var fluttur á lögreglustöð til yfirheyrslu og síðan slysavarðstofu í Reykjavík, þar sem honum var tekið blóðsýnishorn kl. 06.45. Er lögregluþjónar hugðust aka bifreið R 9948 af staðnum, reyndist það ókleift, vegna þess að bifreiðin var benzínlaus. Ákærði virðist hafa verið í þann veginn að yfirgefa bifreiðina, er lögreglan kom að, því hann steig út úr bifreiðinni í því að lögregluþjónar gengu að bifreiðinni. Við blóðrannsókn hefur blóðprufa, er ákærða var tekin sömu nótt, reynzt innihalda reducerandi efni, er samsvara 1.12% af alkóhóli.

Ákærði hefur skýrt svo frá, að hann hafi verið við vinnu sína til kl. 4.00 umrædda nótt. Þegar vinnu lauk, fór ákærði að drekka áfengi með vinnufélögum sínum, og fundu þeir til áfengisáhrifa.

Nokkru síðar, líklega um það bil klst., fóru þeir af vinnustað, ætluðu þeir að fá sér leigubíl heim, þar sem ákærði kveðst ekki hafa viljað aka bifreið sinni vegna ölvunaráhrifanna. Ákærði og maður sá, sem veitti honum áfengið, urðu viðskila, og fór þá ákærði gangandi áleiðis að B.S.R. í Lækjargötu og hugðist taka sér leigubíl heim til sín í Kópavogi. Á leiðinni þangað kveðst ákærði hafa hitt mann, að nafni Sverrir Kristinsson, vitni í þessu máli. Pilt þennan bað ákærði um að aka bifreið sinni heim. Hann féllst á það, og sneru þeir þá við og gengu að bifreið ákærða í Mjóstræti, þar sem ákærði hafði lagt bifreiðinni, áður en hann hóf vinnu sína, og ók nefndur Sverrir bifreiðinni suður áleiðis í Kópavog. Þegar kom að gatnamótum Litluhlíðar og Reykjanesbrautar, stöðvaði ökumaður bifreiðina við stanzmerki, en kom vél hennar ekki í gang aftur þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir til þess. Bíllinn var orðinn benzínlaus. Nefndur Sverrir hafi þá ætlað að leggja bílnum til hliðar á akbrautinni og látið hann renna aftur á bak í því skyni. Sverrir Kristinsson hafi svo yfirgefið ákærða í bifreiðinni, að því er hann taldi,

til þess að útvega leigubíl eða benzín. Ákærði kveðst því hafa beðið í bifreiðinni nokkurn tíma og hlustað á útvarp bifreiðarinnar, en til þess kveðst ákærði hafa þurft að snúa kveikjulykli bifreiðarinnar. Bifreiðina segir ákærði hafa staðið á sama stað, er lögreglan kom, og þegar vitnið Sverrir skildi við hana. Ákærði kveðst þá hafa verið í þann veginn að yfirgefa bifreiðina, þar sem hann hafi verið orðinn úrkula vonar um, að Sverrir kæmi aftur. Ákærði kveðst ekki hafa ekið bifreiðinni og ekki hafi hann gert neina tilraun til þess að aka henni, þar sem honum hafi verið ljóst, að svo á sig kominn sem hann var, mátti hann ekki gera það.

Vitnið Sverrir Kristinsson skýrir svo frá, að umrædda nótt hafi hann verið á gangi í miðbæ Reykjavíkur. Þá hafi ákærði, sem vitnið kannast við með nafni, beðið sig um að aka bifreið sinni, þar sem hann væri undir áfengisáhrifum. Vitnið féllst á það og ók síðan bifreið ákærða frá Mjóstræti í Reykjavík áleiðis heim til ákærða, sem kvaðst eiga heima í Kópavogi. Vitnið ók Hafnarstræti, Hverfisgötu, Stórholt, Stakkahlíð, Miklubraut, Lönguhlíð, Litluhlíð. Vitnið kveðst hafa stanzað við stöðvunar-skyldumerki á horni Litluhlíðar og Reykjanesbrautar og sett í 1. gír. Þegar hann hafi ætlað að leggja aftur af stað, hafi vélin drepíð á sér, og kveðst vitnið hafa reynt nokkrum sinnum að koma vélinni í gang aftur, en án árangurs. Bifreiðin hafi verið orðin benzínlaus. Vitnið kveðst hafa ætlað sér að leggja bifreiðinni neðar lengra frá horninu til hliðar með því að láta bifreiðina renna aftur á bak og beygja um leið til vinstri. Bifreiðin hafi verið orðin skökk fyrir á veginum, er vitnið tók eftir vegarbrúnarsteinum, sem bifreiðin var komin alveg upp að. Vitnið kveðst því hafa gengið tryggilega frá bifreiðinni og séð, að ógerningur hafi verið að hreyfa bifreiðina, þar sem hún var benzínlaus og því ekki hægt að aka henni áfram, og staðið fast upp við vegarsteinana og því ómögulegt að láta bifreiðina renna aftur á bak. Vitnið kveðst hafa skýrt ákærða frá, hvernig ástatt var, og ákærða hafi verið ljóst, að bifreiðin var föst, þar sem hún stóð benzínlaus, auk þess hafi ákærði allan tímann verið ákveðinn í að aka ekki bifreiðinni. Vitnið kveðst því hafa talið sér óhætt að yfirgefa ákærða og fá honum kveikjulykla bifreiðarinnar.

Vitnið Olgeir Haukur Matthíasson, Ásgarði 77, Reykjavík, lögregluþjónn nr. 65, skýrir svo frá og hefur staðfest með eiði, að er hann var ásamt lögregluþjónum nr. 102 og 135 á leið heim

af næturvakt, hafi hann séð bifreið R 9948, þar sem hún stóð skökk í Litluhlíð í Reykjavík. Undir stýri bifreiðarinnar sat ákærði í þessu máli. Vitnið kveðst þá hafa séð bifreið R 9948 renna örlítið aftur á bak, að steinum á vegarbrún. Er lögregluþjónar gengu að bifreiðinni til að athuga málið, hafi ákærði stigið út úr bifreið sinni vinstra megin. Ákærði var áberandi ölv-aður, en neitaði aðspurður að hafa ekið bifreiðinni, heldur hefði það gert maður, sem hann ekki vissi, hvað hét, og hann hefði hitt niðri í miðbæ og beðið um að aka bifreiðinni fyrir sig. Bifreiðin reyndist benzínlaus, en ákærði var fluttur á lögreglustöð, þar sem hann viðurkenndi að hafa startað bifreiðinni.

Vitnið Ólafur Guðmundsson, lögregluþjónn nr. 102, skýrir svo frá og staðfestir með eiði, að er hann hafi verið á leið heim af vakt með lögregluþjónum nr. 65 og 135, hafi hann séð bifreið R 9948, þar sem hún stóð skakkt fyrir á Litluhlíð, kippast aftur á bak upp á vegarsteinana og svo niður af þeim áfram og staðið kyrr. Ákærði í máli þessu sat undir stýri og steig út vinstra megin úr bifreiðinni. Vitnið tók þá í handlegg ákærða og spurði, hvort hann væri drukkinn. Ákærði játaði því, en neitaði því, að hann hefði ekið bifreiðinni, það hefði maður gert, sem ákærði hitti niðri í Reykjavíkurbæ. Hins vegar gat ákærði ekki nafngreint mann þennan. Bifreið ákærða reyndist benzínlaus, og var ákærði fluttur á lögreglustöð.

Vitnið Sigurður Kristján Guðmundur Sigurðsson, lögregluþjónn nr. 135, skýrir svo frá, að er hann ásamt lögregluþjónum nr. 65 og 102 var á leið heim til sín af næturvakt, hafi hann séð bifreið R 9948 með ákærða undir stýri renna aftur á bak að vegarsteinum. Þá hafi honum heyrzt bifreið R 9948 startað og sýnt bifreiðin færast um 1 m áfram. Ökumaður, ákærði í máli þessu, hafi stigið út úr bifreið sinni vinstra megin. Ákærði játaði aðspurður, að hann væri drukkinn, en maður, sem hann vissi ekki, hvað hét, hefði ekið bifreið sinni fyrir sig. Ákærði var síðan fluttur á lögreglustöð, en bifreið hans reyndist benzínlaus.

Við yfirheyrslu varðstjóra svaraði ákærði já og nei, er hann var spurður um, hvort hann hefði verið að aka bifreið. Hann kvaðst ekki geta fullyrt, hvort bifreið hans var á hreyfingu eða ekki, er lögreglumenn komu að bifreið hans.

Ákærði hefur útskýrt svör sín við varðstjóra þannig, að hann hafi játað, að hafa startað bifreiðinni, en með því hafi hann átt við, að hann hafi snúið kveikjuláslykli til þess að kveikja á útvarpi. Með því að snúa þeim lykli, er vél bifreiðarinnar einnig

sett í gang. Þannig hafi hann neitað að hafa startað í þeirri merkingu að hafa reynt að setja bifreiðina í gang, en játað að hafa startað í þeirri merkingu að snúa kveikjúláslykli, þannig að kvikni á rafmagninu.

Með eiðfestu vætti þriggja vitna, þeirra Ólafs Hauks Matthíassonar, Ólafs Guðmundssonar og Sigurðar Kristjáns Guðmundar Sigurðssonar, telst sannað, að bifreið R 9948 hafi í umrætt skipti runnið aftur á bak örstuttan spöl að vegarsteinum, þar sem bifreiðin var stödd á Litluhlíð í Reykjavík. Í bifreiðinni sat ákærði, Einar Hafsteinn Guðmundsson, einn undir stýri hennar, og verður dómarrinn að líta svo á, að bifreiðin hefði ekki getað hreyft í umrætt sinn, nema ákærði hafi átt á einhvern hátt við stjórn-tæki hennar, og þykir verknaði ákærða fullkomlega verða jafn- að við akstur bifreiðar.

Við akstur bifreiðar R 9948 telst ákærði hafa verið undir áhrif- um áfengis, og er sannað með alkóhólrannsókn, að áfengismagn í blóði ákærða hafi í umrætt sinn verið 1.12%.

Ákærði hefur viðurkennt áfengisneyzlu og ölvun í umrætt sinn, en staðfastlega neitað að hafa ekið eða reynt að aka bifreið R 9948 í umrætt skipti.

Brot ákærða þykir varða við 2. sbr. 3. mgr. 25. gr. umferðar- laga nr. 26/1958 og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

Refsing ákærða þykir, þar sem hér er um ítrekað brot að ræða, hæfilega ákveðin 10 daga varðhald skv. 80. gr. umferðar- laga og 45. gr. áfengislaga.

Þá ber og að svipta ákærða ökuleyfi ævilangt frá birtingu dóms þessa að telja skv. 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað í máli þessu.

Ákærði greiði verjanda sínum, Hauki Jónssyni hrl., 1500 krón- ur í málsvagnarlaun.

Dómsorð:

Ákærði, Einar Hafsteinn Guðmundsson, sæti 10 daga varðhaldi.

Ákærði skal sviptur ökuleyfi ævilangt frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað í máli þessu, þar með talin málsvagnarlaun verjanda síns, kr. 1500.00.

Dómi þessum skal fullnægt með aðför að lögum.